

Sanna.Magdalena.Mörtudottir
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2025

Efni: Alvarlegar athugasemdir ÖBÍ réttindasamtaka við efni fyrirbyggjandi frumvarps að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026

Bréfi þessu er beint til forseta borgarstjórnar og til allra fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur. Tilefni þess eru alvarlegar athugasemdir ÖBÍ réttindasamtaka við efni fyrirbyggjandi frumvarps að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026 sem rætt var við fyrri umræðu í borgarstjórn 4. nóvember sl. Eins og nánar greinir í þessu bréfi er það mat ÖBÍ réttindasamtaka að í efni frumvarpsins felist brot gegn ákvæðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem lögfestur var á Alþingi 11. nóvember sl. Um leið felast í frumvarpinu áform um brot gegn grundvallarréttindum viðkvæms hóps fatlaðs fólks.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem Reykjavíkurborg hefur veitt ÖBÍ réttindasamtökum eru a.m.k. 42 fatlaðir einstaklingar með langvarandi stuðningsþarfir enn á biðlista hjá borginni eftir því að fá úthlutað samþykktri notendastýrðri persónulegri aðstoð í samræmi við metnar stuðningsþarfir sínar. Ágreiningslaust er að hlutaðeigandi einstaklingar eiga skýlausan rétt á slíkri aðstoð samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/2018 og að slík aðstoð er forsenda þess að þeir fái notið grundvallarréttar síns samkvæmt 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu. Ekki er heldur ágreiningur um að sveitarfélög bera samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/2018 ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar og er skylt samkvæmt 38. gr. sömu laga að fjármagna hana. Áréttað skal í því sambandi að um er að ræða tilvik þar sem fyrir liggur samþykkt umsókn um notendastýrða persónulega aðstoð þar sem hlutaðeigandi einstaklingur er í bið eftir því að samþykkt þjónusta hefjist.

Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 38/2018 skulu sveitarfélög árlega gera fjárhagsáætlanir um útgjöld til málefna fatlaðs fólks í samræmi við þá þjónustu sem þeim ber að veita á grundvelli laganna. Eðli málsins samkvæmt ber sveitarfélögum við slíka áætlanagerð að taka tillit til útgjalda vegna þjónustu sem þau hafa þegar samþykkt að veita á grundvelli laganna. Þar sem fyrir liggja hjá Reykjavíkurborg a.m.k. 42 samþykktar umsóknir um notendastýrða persónulega aðstoð samkvæmt 11. gr. laganna til fatlaðra einstaklinga sem enn bíða eftir því að samþykkt þjónusta hefjist ber að gera ráð fyrir kostnaði vegna þessarar þjónustu í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins um útgjöld þess til málefna fatlaðs fólks.

Samskonar skylda og mælt er fyrir um í 2. mgr. 38. gr. laga nr. 38/2018 að því er varðar útgjöld til málefna fatlaðs fólks hvílir auk þess almennt á sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar samkvæmt 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, enda er sveitarfélögum skylt samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sömu laga að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum og sveitarstjórn

jafnframt skylt samkvæmt 64. gr. laganna að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Áréttað skal í því sambandi að þjónusta á grundvelli laga nr. 38/2018, þ.m.t. notendastýrð persónuleg aðstoð samkvæmt 11. gr. þeirra, er meðal lögmæltra verkefna sveitarfélaga, sbr. leiðbeinandi yfirlit innviðaráðuneytisins þar um.


Þrátt fyrir framangreint verður ekki séð að í fyrirbyggjandi frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026 sé gert ráð fyrir kostnaði vegna þeirra 42 umsókna um notendastýrða persónulega aðstoð sem þegar hafa verið samþykktar. Í þessu felst annað hvort skýrt brot gegn fyrirmælum laga nr. 38/2018 og sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem lúta að gerð fjárhagsáætlana eða þá bein áform meiri hluta sveitarstjórnar Reykjavíkur um brot gegn grundvallarréttindum hlutaðeigandi fatlaðra einstaklinga með því að synja þeim um lögbundna þjónustu sem þeir hafa þörf fyrir og eiga rétt á vegna fötlunar sinnar og samþykkt hefur verið að veita þeim.

Með þessu bréfi er athygli viðtakenda þess vakin á framangreindu og ábyrgð þeirra og skyldum í því sambandi. Jafnframt er óskað eftir skýrum og afdráttarlausum svörum forseta borgarstjórnar f.h. meiri hluta hennar við eftirfarandi spurningum:

1. Liggur fyrir mat á kostnaði við veitingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar á árinu 2026 í samræmi við þær 42 umsóknir um slíka aðstoð sem þegar hafa verið samþykktar án þess að þjónusta hafi enn hafist? Liggi slíkt mat fyrir er óskað eftir afriti af því. Liggi slíkt mat ekki fyrir er óskað skýringa á því og afstöðu forseta til þess hvort og þá hvernig slíkt samrýmist fyrirmælum 2. mgr. 38. gr. laga nr. 38/2018.
2. Ber að skilja fyrirbyggjandi frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026 svo að ekki standi til að fjármagna þær 42 umsóknir um notendastýrða persónulega aðstoð sem þegar hafa verið samþykktar? Sé þessari spurningu svarað neitandi er óskað nánari tölulegra skýringa á því svari, sbr. spurningu 1 hér að framan. Er þá haft í huga að í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir útgjaldaaukningu til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar sem nemur almennri verðlagshækkun. Sé þessari spurningu svarað játandi er óskað eftir afstöðu forseta til þess hvort og þá hvernig það svar fái samrýmst lögmæltum skyldum Reykjavíkurborgar og sveitarstjórnar samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 5. og 38. gr. laga nr. 38/2018 sem og lögbundnum réttindum hlutaðeigandi einstaklinga samkvæmt 11. gr. síðarnefndu laganna og 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. samnefnd lög sem samþykkt voru á Alþingi 11. nóvember sl.

Í ljósi þess að fyrirhugað er samkvæmt fundadagatali borgarstjórnar að fjárhagsáætlun verði afgreidd á fundi 2. desember nk. er óskað viðbragða við þessu bréfi eigi síðar en 28. nóvember nk.

Virðingarfyllst,



Alma Ýr Ingólfssdóttir
formaður ÖBÍ réttindasamtaka

Fylgiskjöl:

1. Bréf ÖBÍ réttindasamtaka til Reykjavíkurborgar 9. október 2025
2. Svarbréf Reykjavíkurborgar 16. október 2025
3. Bréf ÖBÍ réttindasamtaka til borgarstjóra 11. nóvember 2025

Til allra sveitarfélaga
Sent rafrænt

Reykjavík, 9. október 2025

Efni: Biðtími eftir NPA þjónustu

Bréfi þessu er beint til allra sveitarfélaga og varðar biðtíma eftir notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) sem sveitarfélög veita á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ÖBÍ réttindasamtökum berast reglulega frá umsækjendum um NPA er talsverður fjöldi einstaklinga sem enn bíður þess að fá slíka þjónustu frá sínu sveitarfélagi. Með bréfi þessu er leitað eftir upplýsingum um umfang slíkra biðlista í hverju sveitarfélagi um sig og ástæður að baki þeim.

Samkvæmt lögum nr. 38/2018 ber sveitarfélagi að hefja þjónustu, þ.m.t. NPA þjónustu samkvæmt 11. gr. laganna, strax og umsókn um hana hefur verið samþykkt nema það sé ekki unnt, sbr. 34. gr. laganna. Í síðarnefnda tilvikinu ber sveitarfélagi að tilkynna umsækjanda um ástæður þess að ekki sé unnt að hefja þjónustuna strax og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrirséð er að þjónusta sem sótt var um geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um þau úrræði sem hann hefur á biðtíma og aðra þjónustu sem er í boði. Þá skal veita honum aðra viðeigandi þjónustu á meðan beðið er eftir að þjónustan sem samþykkt hefur verið hefjist.

Samkvæmt framansögðu er meginreglan sú samkvæmt lögum nr. 38/2018 að þjónusta á grundvelli laganna skuli hefjast strax og umsókn um hana hefur verið samþykkt. Undantekningin frá þessari meginreglu á aðeins við um tilvik þar sem af einhverjum ástæðum er ekki unnt að hefja veitingu samþykkrar þjónustu strax. Í því tilviki þarf að gera umsækjanda grein fyrir því hverjar þessar ástæður eru og hvenær samþykkt þjónusta muni hefjast auk þess sem leiðbeina þarf umsækjanda um önnur úrræði og veita aðra viðeigandi þjónustu á biðtíma ef fyrirséð er að hann verði lengri en 3 mánuðir frá samþykkt umsóknar. Lög nr. 38/2018 gera þannig ekki ráð fyrir því að heimilt sé að setja umsækjendur um þjónustu á grundvelli laganna í þá stöðu að bíða í lengri tíma eftir að þjónusta hefjist án þess að þeir fái upplýsingar um ástæður þess og hvenær biðinni muni ljúka. Þá leiðir af lögnum að gildar ástæður þurfa að búa að baki töfum á veitingu þjónustu eftir að umsókn um hana hefur verið samþykkt.


Hlutverk ÖBÍ réttindasamtaka er að koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks gagnvart opinberum aðilum í hverskyns hagsmunamálum svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum er snerta rétt þess. Eins og áður greinir berast samtökunum reglulega upplýsingar frá umsækjendum um NPA sem benda til þess að nokkur fjöldi einstaklinga sé í bið eftir því að fá slíka þjónustu frá sínu sveitarfélagi. Áréttað skal í því sambandi að NPA þjónustu er ætlað að mæta langvarandi stuðningsþörfum og gera fötluðu fólki með slíkar stuðningsþarfir kleift að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu til jafns við aðra borgara í samræmi við 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Langvarandi bið eftir slíkri

Þjónustu er almennt til þess fallin að girða fyrir það að hlutaðeigandi einstaklingar fái notið þessara grundvallarmannréttinda. Af þessu tilefni er óskað upplýsinga um eftirfarandi:

1. Hversu margir einstaklingar í sveitarfélaginu eru sem standur í bið eftir því að samþykkt NPA þjónusta hefjist?
2. Hvaða ástæður búa því að baki að ekki hefur verið unnt að hefja NPA þjónstu við viðkomandi einstaklinga?
3. Hefur hlutaðeigandi einstaklingum verið tilkynnt um ástæður biðtíma og hvenær bið muni ljúka og veiting þjónustu hefjast?
4. Hefur hlutaðeigandi einstaklingum verið leiðbeint um önnur úrræði og veitt viðeigandi þjónusta á biðtíma?

Þess er óskað að svör sveitarfélagsins við ofangreindum fyrirspurnum berist ÖBÍ réttindasamtökum eigi síðar en 1. nóvember nk.

Virðingarfyllst,



Alma Ýr Ingólfssdóttir
formaður ÖBÍ réttindasamtaka



ÖBÍ réttindasamtök
Sigtún 42
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. október 2025
VEL25100029

Efni: Biðtími eftir NPA þjónustu

Vísað er til bréfs ÖBÍ réttindasamtaka, dags. 9. október sl., sem beint var til allra sveitarfélaga og varðar biðtíma eftir notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA). Í erindinu eru tilgreindar spurningar sem settar eru fram í fjórum töluliðum og eru svör við þeim hér fyrir neðan:

1. Hversu margir einstaklingar í sveitarfélaginu eru sem stendur á bið eftir því að samþykkt þjónusta hefjist?

Hjá Reykjavíkurborg eru 42 samþykktar umsóknir um NPA á bið eftir að þjónusta hefjist. Þar af eru 13 umsóknir sem varða hækkanir á gildandi samningum (t.d. aukinn tímafjöldi eða breytingu úr sofandi næturvakt í vakandi næturvakt) og 29 umsóknir sem varða úthlutun á nýjum NPA samningum.

2. Hvaða ástæður búa því að baki að ekki hefur verið unnt að hefja NPA þjónustu við viðkomandi einstaklinga?

Forgangsroðun verkefna hjá sveitarfélaginu er helsta ástæða þess að ekki hefur verið unnt að hefja NPA þjónustu við viðkomandi einstaklinga. Reykjavíkurborg er nú með 44 NPA samninga við notendur og hefur fjöldi NPA samninga hjá Reykjavíkurborg aukist á síðustu árum.

Samþykktar umsóknir um notendastýrða persónulega aðstoð raðast eftir forgangsroð hverju sinni, sbr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.

3. Hefur hlutaðeigandi einstaklingum verið tilkynnt um ástæður biðtíma og hvenær bið muni ljúka og veiting þjónustu hefjast?

Áhersla er lögð á að vera í virku samtali við einstaklinga á bið eftir NPA og upplýsa um stöðu mála eftir fremsta megni.

4. Hefur hlutaðeigandi einstaklingum verið leiðbeint um önnur úrræði og veitt viðeigandi þjónusta á biðtíma?

Skýrt kemur fram í 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk að velferðarsviði Reykjavíkurborgar beri að upplýsa notanda um þá þjónustu sem honum stendur til boða á meðan beðið er eftir þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Ráðgjafar í málefnum fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg leita allra leiða til þess að mæta stuðningsþörfum einstaklinga á bið eftir



NPA á meðan á biðtíma stendur. Þá er áhersla lögð á að upplýsa einstaklinga um þau úrræði sem þeim kunna að standa til boða á biðtíma.

Sé frekari upplýsinga óskað verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllst,
Aðalbjörg Traustadóttir
Skrifstofa málefna fatlaðs fólks
Velferðarsvið



Reykjavík

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri
Ráðhúsinu
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2025

Efni: Framlög til NPA í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026


Við er til fyrri bréfaskipta og frumvarps að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026 sem lagt var fram í borgarráði 30. október sl. og í borgarstjórn til fyrri umræðu 4. nóvember sl. Með bréfi 9. október sl. óskuðu ÖBÍ réttindasamtök eftir upplýsingum um stöðu biðlista eftir notendastýrðri persónlegri aðstoð (NPA). Í svari Reykjavíkurborgar 16. s.m. kemur fram að 42 samþykktar umsóknir um NPA séu í bið eftir því að þjónusta hefjist. Þar af séu 13 umsóknir um breytingar á gildandi samningi og 29 umsóknir sem varða nýja samninga.

Samkvæmt framanröktu liggur fyrir að a.m.k. 42 fatlaðir einstaklingar með langvarandi stuðningsþarfir sem uppfylla skilyrði fyrir NPA samkvæmt lögum nr. 38/2018 eru sem stendur á biðlista hjá Reykjavíkurborg eftir því að fá notið réttar síns til að lifa sjálfstæðu lífi án aðgreiningar í samfélaginu. Eðli máls samkvæmt felst í þessari aðstöðu brot gegn mannréttindum hlutaðeigandi einstaklinga og mismunun í þeirra garð á grundvelli fötlunar þeirra. ÖBÍ réttindasamtök minna í því sambandi á að markmið notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar er að gera fötluðum einstaklingum, sem ekki eiga þess kost án slíkrar aðstoðar, kleift að taka þátt í samfélaginu og njóta mannréttinda sinna til jafns við aðra án tillits til fötlunar. Þegar fötluðum einstaklingi sem hefur þörf fyrir slíka aðstoð og á rétt til hennar er þrátt fyrir það synjað um hana felst í því brot gegn þessum grundvallarréttindum fatlaðs fólks.

Að virtum framangreindum svörum Reykjavíkurborgar 16. október sl., þess efnis að a.m.k. 42 fatlaðir íbúar borgarinnar búi sem stendur við enga eða ófullnægjandi notendastýrða persónulega aðstoð þrátt fyrir þörf fyrir og lögbundinn rétt til slíkrar aðstoðar, vekur efni fyrirbyggjandi frumvarps að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026 furðu ÖBÍ réttindasamtaka. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlög til NPA hækki um einungis 89.429.000 kr. milli áranna 2025 og 2026 úr 1.744.285.000 kr. í 1.833.714.000 kr. Er þar um að ræða minni hækkun en milli áranna 2024 og 2025 þegar framlög hækkuðu um 92.467.000 kr. Samkvæmt upplýsingum í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu fjölgaði NPA samningum árið 2025 um einungis 2. Verður þannig ráðið af fyrirbyggjandi frumvarpi að í því felist engin áform um að eyða biðlistum eftir NPA. Þvert á móti verður ráðið af frumvarpinu að þar sé gert ráð fyrir að NPA samningum verði ekki fjölgað svo neinu nemi á árinu 2026 og að biðlistar verði þar af leiðandi óbreyttir eða lengist.

Eins og frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026 liggur fyrir borgarstjórn við fyrri umræðu þess samkvæmt framansögðu verður ekki annað ráðið en að í efni þess felist áform um brot gegn grundvallarréttindum eins viðkvæmasta hóps íbúa borgarinnar, þ.e. einstaklinga sem vegna fötlunar sinnar hafa langvarandi þörf fyrir notendastýrða persónulega aðstoð til að geta lifað lífi sínu sjálfstætt á eigin forsendum og tekið þátt í samfélaginu til jafns við aðra íbúa borgarinnar. Með þessu bréfi er óskað skýringa á framangreindu og eftir atvikum breytinga á frumvarpinu til samræmis við skyldur Reykjavíkurborgar samkvæmt lögum nr. 38/2018. Í ljósi lögbundins afgreiðslufrests fjárhagsáætlunar og þeirrar málsmeðferðar sem kveðið er á um í 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er þess óskað að viðbrögð við þessu bréfi berist ÖBÍ réttindasamtökum eigi síðar en 14. nóvember nk.

Virðingarfyllst,



Alma Ýr Ingólfssdóttir
formaður ÖBÍ réttindasamtaka